




Háteigur



13. árgangur 2. tbl.

20. febrúar 2009

STARFSDAGUR 25. FEBRÚAR

<http://www.hateigsskoli.is>

Frá skólastjóra

Ágætu lesendur

Hvers vegna er Háteigsskóli ekki með Olweus? Ég hef stundum fengið þessa spurningu í gegnum árin og svarað henni jafnharðan, en ég minnst þess ekki að hafa skrifað svarið við henni. Fyrir þá sem ekki vita hvað Olweus er þá er það kerfi sem er ættað frá Noregi og kennt við upphafsmann þess sem heitir Dan Olweus. Hann er prófessor í sálfræði við Háskólann í Bergen en er sænskur að uppruna. Olweus hefur fengið alþjóðlegar viðurkenningar fyrir starf sitt og kenningar varðandi rannsóknir á einelti, úrvinnslu þess og forvarnarvinnu. Hugmyndin byggir á því að ástandið á hverjum stað sé rannsakað reglulega, allir starfsmenn séu meðvitaðir um vandann sem er alltaf til staðar í einhverjum mæli í félagslegu umhverfi manna og að það sé unnið með þau tilvik sem upp koma með kerfisbundnum hætti.

Einelti er ekki nýtt af nálinni og hefur verið rætt af skólafólki svo lengi sem ég hef starfað sem skólamaður. Sem barn varð ég vitni að einelti og einnig sem ungur maður varð ég vitni að hræðilegu einelti sem stendur mér ljóslifandi fyrir hugskotssjónum. Árið 1997 fóru stjórnendur Háteigsskóla að skoða leiðir til að rannsaka reglulega líðan nemenda og finna mögulegt einelti. Þetta kom til vegna rannsóknar sem gerð var árið 1997 sem sýndi að einelti væri umtalsvert í grunnskólum landsins. Hvatt var til að skólarnir formgerðu leiðir til að finna einelti. Ég víðaði að mér spurningalistum sem höfðu það markmið að leita að einelti. Ég setti mér strax það markmið að slíkur spurningalisti mætti ekki vera víðameiri en það að kennararnir sjálfir gætu unnið úr honum. Einnig var mikilvægt að könnunin tæki skamman tíma og að hún svaraði mikilvægustu spurningunum í þessu sambandi. Á heimasíðu skólans má sjá meginniðurstöður og samanturð þessarar könnunar frá árinu 1999 þegar okkur tókst að gera fyrstu heildstæðu könnunina. Könnunin hefur sannað sig sem mikilvægt tæki skólans til að fylgjast almennt með líðan nemenda og til að reyna að átta okkur á umfangi eineltis. Könnunin gefur okkur einnig nöfn nemenda sem eru teknir fyrir og lista yfir nemendur sem taka aðra fyrir. Þetta er orðalag sem við teljum vera heppilegt af því að það er skýrt og afdráttarlaust. Við undirbúning könnunarinnar í upphafi

fannst okkur mikilvægt að nota ekki hugtakið einelti þar sem mörgum hættir til að nota það rangt.

Þegar könnunin er lögð fyrir þá fá kennarar leiðbeiningar um umræðu og undirbúning fyrir könnunina sem leggur áherslu á að hún sé tæki skólans til að finna einelti og því er síðan lýst fyrir nemendum hvað einelti er. Nemendur þekkja þess vegna tilgang könnunarinnar og vita einnig hver tilgangurinn er með að nafngreina þá sem teknir eru fyrir. Nemendaverndarráð vinnur síðan með þá nafnalista sem koma út úr könnuninni á hverju ári. Auk þess að könnunin haldi okkur vakandi gagnvart einelti þannig að það sé alltaf á dagskrá, þá hefur hún reynst ómetanlegt tæki til að vinna með mikinn hegðunarvanda einstakra nemenda. Ef nokkrir nemendur á mismunandi aldri nafngreina einn nemanda þannig að hann taki aðra fyrir, þá er það vandi sem skólinn og foreldrar komast ekki hjá að fást við og finna lausn á.

Í fyrstu litum við á einelti eins og hvert annað ofbeldi og unnum út frá þeirri hugmyndafræði. Fyrir um fjórum til fimm árum skilgreindum við einelti með öðrum hætti og settum um sérstakt skipulag til að vinna með það. Í ár setti félagsráðgjafi Háteigsskóla sér það markmið að endurskrifa úrvinnsluferilinn um leið og unnið var með grun um einelti í árgangi. Nú er tilbúinn nýr úrvinnsluferill sem byggður er á raunhæfri reynslu. Sú könnun sem ég hef hér lýst á við nemendur frá 5. upp í 10. bekk. Nemendur á yngsta stigi hafa ekki þroska til að svara sambærilegri könnun, en hjá þeim notum við myndakönnun og sækjumst þá sérstaklega eftir að reyna að átta okkur á líðan nemendanna.

Við höfum nú 10 ára reynslu af þessu eftirlitstæki okkar sem setur einelti á dagskrár á hverju ári og reynslan er góð. Hvers vegna er Háteigsskóli ekki með Olweus? Það er vegna þess að ég tel að okkar kerfi mæti þeim kröfum sem Olweus setur. Ástandið er rannsakað reglulega, allir starfsmenn eru meðvitaðir um vandann og við vinnum með þau tilvik sem upp koma með kerfisbundnum hætti. Fyrir utan þessa könnun þá vinnum við með upplýsingar allt árið sem koma frá starfsfólki, nemendum og ekki síst foreldrum. Með kveðju,

Ásgeir Beinteinsson,
skólastjóri Háteigsskóla

Starfsdagur

Miðvikudaginn 25. febrúar verður starfsdagur í skólanum. Starfsfólk skólans mun nota daginn til fræðslu og til undirbúnings kennslu. Ekkert vetrarfrí er á vorönn, þar sem réttur kennara til vetrarfría var fullnýttur í október síðastliðnum.

Mentor

Mentor.is er netkerfi sem auðveldar skólum dagleg störf, t.d. við skráningu í hópa og stundatöflur, skráningu á ástundun, einkunnavinnslu og fleira. Í Mentor er haldið utan um starfsmanna- og nemendaskrár, gerðar námsáætlanir og skráð verkefnaskil nemenda, svo dæmi séu tekin. Ekki er síður mikilvægt að auka möguleika foreldra á að fylgjast með skólagöngu barna sinna og þátttöku þeirra í skólalífinu. Allir kennarar, nemendur og forráðamenn þeirra hafa aðgang að Mentor.is. Aðgangsorð er hægt að fá á skrifstofu skólans. Nánari upplýsingar eru í handbók foreldra og nemenda Háteigsskóla sem er heima hjá nemendum og á heimasíðu skólans.

Karate

Ég var í karate í fyrsta tímanum með Mateusz í 2. bekk. Við vorum að læra að kýla og sparka og það var gaman en erfitt. Við höfum aldrei farið í karate í Póllandi. Maðurinn sem kenndi var að skamma krakkana en ekki mig og Mateusz því við vorum stilltir. Fyrst vorum við í fótbolta og það var gaman að vera með litla bróður Mateuszar en hann er of lítill til að vera með í karate. Ekki eiga allir krakkarnir hvít æfingaföt, en kannski kaupum við hvít föt til að vera í. Það má ekki vera í sokkum. Allir fá fyrst hvít belti, en ef maður er ótrúlega góður í þessu fær maður svart belti. Við ætlum að fara aftur og kannski getum við lært og unnið. Ef maður vill geta eitthvað þá verður maður bara að trúá á þetta. Ekki segja, „ég veit ekki hvort ég get þetta“. Þá getur maður. Jakub í 3. JOS í karate

Komdu og skoðuðu bílinn

Fimmtudaginn 5. febrúar s.l. var haldin bekkjarhátíð 3. bekkjar. Hátíðin var haldin í tilefni af því að börnin höfðu þá nýlök- ið við heildstætt verkefni um bílinn. Börnin sýndu leikrit sem þau nefndu bílaping. Hvert og eitt barn útbjó leikmynd af sínum bíl og sagði frá notkun hans og fyrir hvaða tegund af eldsneyti hann gengi og ennfremur hvort viðkomandi bíll væri sparneytinn eða bensínhákur. Í kjölfarið sungu börnin frumsamin ljód um bíla. Síðan fluttu nokkrar stúlkur frumsamið lag og texta um Háteigsskóla. Börnin sýndu einnig dansa frá ýms- um löndum og ennfremur dönsuðu þau við foreldra sína og systkini. Vakti það mikla kátínu og gleði. Að lokum afhentu kennarar börnunum bækurnar sem þau útbjuggu meðan á þessari verkefnavinnu um bílinn stóð. Eftir veglegar veitingar sem foreldrar sáu um og frábæra skemmtun héldu börnin og fjölskyldur þeirra heim á leið, glöð í bragði. Við þökkum þeim Guðmundi danskennara, Rannveigu leiklistarkennara og Þórunni tónmenntakennara innilega fyrir þeirra vinnuframlag með börnunum. Jóhanna og Ragnheiður, kennarar 3. bekkjar

Framtíðarbillinn

Árið 2050 verður kannski bensínið búið. Þá munu bílar ganga fyrir rafmagni og fljúga. Slysum á gangandi fólki mun þá fækka og mengun minnka. Bílarnir verða sjálfstýrðir.

Sigurður Steinar Gunnarsson, 3. bekk

Skáld í skólum

Í byrjun febrúar fengum við góða gesti í skólann. Skáldkon- unnar Vilborg Dagbjartsdóttir og Sigrún Eldjárn heimsóttu nemendur í 1.–4. bekk og sögðu frá bókum sínum og hvernig bæði raunverulegir atburðir og furðulegar hugmyndir geta orðið að sögu í bók. Nemendur 5.–10. bekkjar fengu ljód- skáldið Aðalstein Ásberg og söngvaskáldið Svavar Knút í heimsókn. Þeir sögðu frá lífi og list Steins Steinarrs í máli, myndum og með söng. Nemendur hlustuðu á af athygli og höfðu gaman af. Við þökkum fyrir okkur.

Ferðasaga

Einu sinni voru stelpa og strákur sem voru að fara í ferða- lag í bílnum sínum með mömmu sinni og pabba. Þau ætl- uðu upp í sveit til ömmu sinnar og afa. Þau þökkðu inn dóti og lögðu af stað. Þegar þau voru búin að keyra smá- stund sagði Karítas við mömmu sína, „ég er svöng“. Þá sagði mamma þeirra við þau að þau gæti stoppað á næstu bensínstöð. Þar keyptu þau pulsar og eitthvað að drekka. Svo fóru þau upp í bíl og héldu áfram ferðinni. Karítas og Óli voru mjög spennt að hitta ömmu sína og afa. Þau voru alltaf að spyrja, „hvenær komum við“? Þá sagði mamma þeirra, „rétt bráðum“. Þegar þau voru loksins komin fengu þau súkkulaði, smákökur og kakó. Svo fengu þau að leika smá við Sám og Nóru. Þeim finnst gaman í ferðalögum.

Júlía Kristín Ólafsdóttir, 3. bekk

Snjókast

Mörgum börnum og unglingum finnst gaman í snjókasti. Oftast er snjókast hættulaust en ef snjór er blatur þá geta snjóboltarnir verið mjög harðir og sárt að fá þá á sig. Ef snjórinn er lítill geta litlir steinar auðveldlega komist með í kúluna með hættulegum afleiðingum. Ekki vilja allir vera með í snjókasti og ber okkur að virða það.

Kennum líka börnunum okkar að tilgangur snjókasts er ekki að meiða aðra heldur aðeins að hitta aðra með snjó- boltanum. Einnig er mikilvægt að forðast að kasta í höfuð því það er yfirleitt óþægilegt/sárt og getur verið mjög hættu- legt að fá snjóbolta í augun. Heilsugæslan, Hlíðum.

Hljómsveitarverkefni

Skólaárið 2008-2009 hefur fræðslustarf Sínfóníuhljómsveitar Íslands staðið fyrir þremur hljómsveitar- og sköpunarverkef- num í grunnskólum Reykjavíkur. Við fengum eitt þessara verk- efna og unnu nemendur 7. bekkjar í heila viku með 4 hljóð- færaleykurum frá Sí og stjórnendum verkefnisins, Þórdísi H. Kristjánsdóttur og Hildi G. Þórhallsdóttur. Unnið var að því að skapa og koma saman heilsteypu tónverki. Allir þátt- takendur spiluðu á hljóðfæri í verkefninu en þeir nemendur sem eru í tónlistarnámi komu með sín eigin hljóðfæri að heiman. Föstudaginn 13. febrúar fengu svo foreldrar og aðrir gestir að hlusta á afraksturinn og var stórkostlegt að heyra hversu mikla alúð og vinnu nemendur höfðu lagt í þetta verk- efni. Í vikunni heimsótti okkur líka Víkingur Heiðar Ólafsson píanósnullingur og Árni Heimir Ingólfsson tónlistarstjóri Sí, en nemendur fengu tækifæri til að hlusta á Víking á frábær- um tónleikum á fimmtudagskvöldið. Til gamans má geta að Víkingur Heiðar og Árni Heimir eru báðir fyrrverandi nem- endur skólans ásamt Þórdísi Heiðu. Við þökkum öllum þessum góðu gestum hjartanlega fyrir okkur.

∞ Spakmæli mánaðarins: ∞
Maður er manns gaman.